



Dagsetning: 16. nóvember 2023
Málsnúmer: 2305070/2.1.0

Til bæjarráðs

MINNISBLAÐ Garðsláttur fyrir eldri borgara og öryrkja

Samkvæmt minnisblaði umhverfisstjóra til eigna-skipulags og umhverfisnefndar (málsnr:1806144) frá júní 2018 var fyrst lagt til að Fjarðabyggð hlutaðist til um garðslátt fyrir eldri borgara og öryrkja í Fjarðabyggð.

Í kjölfar þessarar tillögu vann þáverandi félagsmálastjóri drög að reglum um garðslátt og snjómokstur fyrir eldri borgara og öryrkja. Þann 16 apríl 2019 samþykkti bæjarráð endalegar reglur um garðslátt og snjómokstur.

Samkvæmt upplýsingum frá nefndarfólki sem vann að þessum breytingum þá var ákvörðun um að bjóða upp á garðslátt tekin vegna skorts á þessari þjónustu í Fjarðabyggð. Það var enginn einstaklingur eða verktaki/ar sem tóku að sér garðslátt fyrir íbúa Fjarðabyggðar.

Frá árinu 2023 hefur fyrirtæki í einkaeigu boðið þessa þjónustu þ.e. garðslátt í allri Fjarðabyggð. Stjórnendur fjölskyldusviðs höfðu samband við þetta fyrirtæki að beiðni félagsmálanefndar til að grennslast fyrir um umfang þjónustunnar. Eigandi fyrirtækisins Stranga (verið er að breyta nafninu) fullyrti að fyrirtækið bjóði öllum íbúum Fjarðabyggðar upp á þjónustu sína frá og með sumrinu 2024. Sviðstjóri fjölskyldusviðs leggur því til að Fjarðabyggð sinni ekki garðslætti fyrir eldri borgara og öryrkja frá og með janúar 2024. Máli sínu til stuðnings vísar sviðstjóri í ríkjandi hugmyndir og lög um samkeppni sveitarfélaga við einkaaðila.

Samkeppniseftirlitið vísar til í 14.gr. og 16. gr. samkeppnislaga í umfjöllun um þáttöku opinberra aðila eins og sveitarfélaga. Ahersla er á að opinbert fé sé ekki nýtt til að greiða niður samkeppnisrekstur. Ennfremur bendir það á vanda sem kemur gjarnan upp þegar t.d. sveitarfélag hefur hafið rekstur á sviði sem enginn annar hefur gert á viðkomandi svæði felst í því að erfiðara verður en áður fyrir einkaaðila að hefja rekstur á sama sviði. Hinn opinberi rekstur getur þannig hindrað aðgang einkaaðila inn á markaðinn.
<https://www.samkeppni.is/malefni/samkeppni-og-hid-opinbera/samkeppnisrekstur-opinberrar-adila/>

Sviðstjóri mælist einnig til þess að reglum um fjárhagsaðstoð Fjarðabyggðar sé breytt þannig að þeir eldri borgarar og öryrkjar sem eru undir tekjuviðmiðum (einingis með örorku eða ellilífeyri) og þurfa á aðstoð að halda til að standa straum af kostnaði við þjónustuna getti sótt um fjárhagsaðstoð.



Félagsmálanefnd samþykkti því fyrir sitt leiti að bjóða ekki lengur upp á garðslátt og mun breyta reglum og gjaldskrá um stuðningsþjónustu í samræmi við það.

Laufey Þórðardóttir
Sviðsstjóri fjölskyldusviðs

